

32 Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til þess að öðlast þegar gildi og birt-
11. apríl ist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1924.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

33
7. júní

REGLUGJÖRÐ.

um

**viðauka við hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað
frá 11. desember 1920.**

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 hefir ráðuneytið gefið út
eftirfarandi viðauka við hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá
11. desember 1920:

1. gr.

Auk gjalda þeirra til hafnarsjóðs, sem ákveðin eru með hafnarreglu-
gjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 11. des. 1920, skal innheimta vörugjald
af farmi skipa og báta, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Vestmannaeyja. Und-
anskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til
annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

2. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á
land, eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, með undantekningum
þeim er síðar getur.

3. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annara hafna en Vestmanna-
eyja, en eru látnar þar á land um stundarsakir vegna skemda á skipi.
- b. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskiafurðir, þegar þetta er
flutt á land í höfninni.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru.

- d. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar úr landi. **33**
7. júní
- e. Brjefapóstur og farangur ferðamanna.
- f. Vörur og tæki til hafnarinnar og annara fyrirtækja bæjarins.
- g. Alt, sem flutt er milli eyjanna innbyrðis.
- h. Allar vörur og fiskæti, er landmenn (sveitamenn) kaupa og fá hjer til heimilisþarfa.

4. gr.

Ef vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annara hafna en Vestmannaeyja, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

5. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip, og ákveðnar eru til annara hafna innanlands, greiðist hálfvörugjald.

6. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru, telst heil gjaldeining, en minna brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjórn í tje eftirrit af farmskrá skipsins. Sje engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

7. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldsskrá tiltekur, og gjald skal greiða eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 10 aura.

Ef vafi leikur á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

8. gr.

Vörugjaldsskrá.

1. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir 100 kg. kol, salt.
2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg. Fullsaltaður en óþurkaður fiskur.
3. flokkur: Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg. Saltfiskur, sem eigi fellur undir annan flokk, steinolía, sement.

- 33** 4. flokkur: Gjald kr. 1,00 fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem vant er að
7. júní greiða flutningsgjöld fyrir eftir þyngd.
5. flokkur: Gjald kr. 3,20 fyrir hvern ten.m. Trjáviður og þessháttar vörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.
6. flokkur: Gjald kr. 6,50 fyrir hvern ten.m. Húsgögn, hljóðfæri, og aðrar ljettavörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.
7. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hvert stykki. Tómar tunnur.

9. gr.

Bæjarstjóri innheimtir vörugjaldið og skal greiða það á skrifstofu hans.

10. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa bæjarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er af-fermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Hafnarsjóður hefir haldsrjett á vörum uns gjaldið er greitt. Vörugjald má taka lögtaki.

11. gr.

Um sektir fyrir brot á þessum ákvæðum og um meðferð mála út af þeim fer eftir ákvæðum 17. og 18. gr. Hafnarreglugjörðar fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 11. des. 1920.

12. gr.

Viðauki þessi öðlast þegar gildi og skal endurskoða hann ásamt Hafnarreglugjörðinni í heild fyrir 1. janúar 1926.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1924.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.